

Þriðjudaginn 4. febrúar 1992.

Nr. 520/1991. **Þrotabú Árna Sigurðssonar**

gegn

Guðrúnu Halldórsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Málshöfðunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1991 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Barst kæran réttinum 23. s.m., en greinargerðir frá málsaðilum komu fram 6. og 9. janúar 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar á dóminum og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Bú Árna Sigurðssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar 12. nóvember 1990. Úrskurði þessum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991 í hæstaréttarmálinu nr. 14/1991, sem nú bíður flutnings, en sú áfrýjun hefur ekki frestað framkvæmd skiptanna. Er mál þetta höfðað af sóknaraðila á grundvelli ákvæða í VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978 til riftunar á ráðstöfunum Árna, sem gerðar voru með kaupmála milli hans og varnaraðila nokkru fyrir upphaf skiptanna, og riftunar á veðsetningu varnaraðila á fasteign, er varð séreign hennar með kaupmálanum. Af hálfu varnaraðila er litið svo á, að lögmæltur frestur til höfðunar riftunarmáls hafi verið liðinn, þegar málið var höfðað á bæjarþingi Ísafjarðar. Krafa hennar um staðfestingu hins kærða frávísunardóms er á þessu byggð, og eru önnur atriði varðandi málið eða gjaldþrotið ekki til úrlausnar hér fyrir dómi.

Úrskurðurinn um gjaldþrot Árna Sigurðssonar var kveðinn upp á grundvelli árangurslausrar löghaldsgerðar í fúgetarétti Ísafjarðar 12. júlí 1990, þar sem hann hafði lýst því yfir, að hann gæti ekki bent á neinar eignir til tryggingar umkrafinni skuld. Þegar birta átti honum skiptastefnu, út gefna 10. ágúst s.á., var hann farinn af

landi brott. Var úrskurðurinn kveðinn upp að honum fjarstöddum í þinghaldi, sem boðað var með annarri skiptastefnu, og hefur hann ekki mætt eða látið mæta við síðari réttarhöld vegna búskiptanna. Kröfulýsingarfrestur rann út 28. janúar 1991, og námu lýstar kröfur um 14,5 milljónum króna. Skiptaráðandi á Ísafirði hefur sjálfur farið með þrotabúið hingað til. Er honum ekki kunnugt um eignir í búinu aðrar en þær, sem til þess gætu runnið við riftun fyrrgreindra ráðstafana.

Höfðun máls þessa var ákveðin á fyrsta skiptafundi í búinu 6. mars 1991. Bauðst einn kröfuhafa til að bera kostnað af málinu, og var lögmanni hans falið að reka það af hálfu búins. Á það má fallast með héraðsdómara, að skiptaráðandi hafi haft í höndum nægilegar upplýsingar til að meta, hvort efni væru til að krefjast riftunar hinna umdeildu ráðstafana, áður en kröfulýsingarfrestur rann út. Eins og eignastöðu búins var háttað, átti hann þess hins vegar ekki kost að fylgja fram riftunarkröfu, meðan ekki var ljóst, hvort kröfuhafar vildu bera kostnað af málshöfðun. Frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga gat því ekki byrjað að líða, fyrr en fundurinn var haldinn. Var fresturinn þannig ekki liðinn, þegar stefna var birt í máli þessu, hvernig sem annars er lítið á gildi þeirra birtingaraðgerða, sem fram fóru gagnvart varnaraðila.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Rétt er eftir atvikum, að kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka mál þetta upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 24. október 1991.

Stefna í máli þessu var gefin út 10. júlí sl. og birt í Lögbirtingablaði, er út kom 26. júlí, og af stefnuvottum í New Jersey-fylki í Bandaríkjunum 31. júlí. Málið var þingfest 5. september og tekið til dóms eða úrskurðar um frávísunarkröfu stefndu 28. nóvember.

Stefnandi er þrotabúi Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, sem nú er búsettur í Bandaríkjunum, en búið er til skipta í skiptarétti Ísafjarðar. Stefnda er Guðrún Halldórsdóttir, kt. 100348-3069, nú til heimilis að 84 Ambassador Drive í Red Bank, New Jersey, Bandaríkjunum.

I.

Í stefnu er gerðar þessar kröfur:

„1. Að rift verði með dómi gjöf Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, nú til heimilis að 84 Ambassador Drive, Red Bank, New Jersey, 07701, Bandaríkjum Norður-Ameríku, áður að Fagraholti 12, Ísafirði, til eigin konu hans, Guðrúnar Halldórsdóttur, kt. 100348-3069, sama stað, en gjöfin felst í kaupmála þeirra hjóna, sem dagsettur er 27. febrúar 1990 og skráður í kaupmálabók bæjarfógetaembættisins á Ísafirði í mars 1990.

2. Að stefnda, Guðrún, verði dæmd til að afhenda þrotabúi Árna Sigurðssonar til eignar fasteignina Fagraholt 12 á Ísafirði.

Til vara er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda bætur, að fjárhæð 10.500.000 kr., að frádregnum veðkröfum, eins og fjárhæð þeirra var 27. febrúar 1990., ásamt dráttarvöxtum frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags.

3. Að rift verði með dómi samningi stefndu, Guðrúnar, er fólst í veðsetningu hennar á fasteigninni Fagraholti 12 samkvæmt veðskuldabréfi, að fjárhæð 8.000.000 kr., útgefið 14. ágúst 1990. Til vara er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 8.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 14. ágúst 1991.

4. Að stefnda, Guðrún, verði dæmd til að greiða stefnanda 2.000.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 27. febrúar 1991.

5. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og/eða framlögðum reikningi auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987, vaxtalaga. Sérstaklega er áskilinn réttur til að krefjast greiðslu á matskostnaði, ef undir rekstri málsins er tilefni til þess að óska matsgerðar.“

Í þessum þætti málsins gerir stefnda þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ. Stefnandi hefur krafist þess, að frávisunarkröfu stefndu verði hrundið og sér til-dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

II.

Atvik máls þessa eru í stórum dráttum þau, að hjónin Árni Sigurðsson og stefnda, Guðrún Halldórsdóttir, gerðu með sér kaupmála, er skrásettur var við embætti bæjarfógetans á Ísafirði 9. mars 1990. Skv. kaupmálanum skyldi fasteignin Fagraholt 12 á Ísafirði og ýmsir búsmunir vera séreign stefndu, Guðrúnar.

Bú Árna Sigurðssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 12. nóvember 1990 að kröfu Íslandsbanka hf., en gjaldþrotabeidni bankans er dagsett 12. júlí 1990. Samþykkt var að höfða mál þetta á skiptafundi í búinu 6. mars. sl.

III.

Stefnda reisir kröfu sína um frávisun málsins í fyrsta lagi á því, að Árni Sigurðsson og stefnda, Guðrún, eigi samaðild í málinu skv. 46. gr. laga 85/1936, svo að stefna hefði þurft þeim báðum.

Í öðru lagi heldur stefnda því fram, að málshöfðunarfrestur 68. gr. laga 6/1978 hafi verið úti, er málið var höfðað. Bendir hún á, að 7. september 1990 hafi skiptaráðandinn á Ísafirði tilkynnt sér með skeyti, að til málshöfðunar þessarar gæti komið. Málshöfðunarfrestur hafi því tekið að liða þegar við uppkvaðningu gjaldþrotáúrskurðar 12. nóvember 1990. Kröfulýsingarfrestur hafi runnið út 28. janúar 1991, og verði talið, að miða beri við það tímamark, hafi málshöfðunarfresturinn samt verið liðinn, er málið var höfðað með birtingu stefnu 31. júlí 1991. Mótmælir stefnda því, að stefnubirting í Lögbirtingablaði hafi verið nægileg, en fyrirsvarsmenn protabúsins hafi vitað, hvert heimilisfang hennar var.

Stefnandi bendir á, að stefna hafi verið birt í Lögbirtingablaði 26. júlí 1991, þar sem óvissa hafi ríkt um heimilisfang stefndu. Telur hann, að þetta sé fullnægjandi stefnubirting. Þá bendir hann á, að engum eignum sé til að dreifa í þrotabúinu, eins og nú standi, og því hafi sá, er fór með forræði búsins, eigi getað höfðað málið fyrr en að loknum skiptafundi í búinu, þar sem kröfuhafar, einn eða fleiri, lýstu sig reiðubúna að bera kostnað af málshöfðun. Fyrsti skiptafundur hafi verið boðaður 18. febrúar 1991, en hann þá verið felldur niður vegna veðurs og ófærðar. Fyrsti skiptafundur hafi verið haldinn 6. mars, og hafi málshöfðun þá verið ákveðin.

IV.

Stefna í máli þessu var birt í Lögbirtingablaði og fyrir stefndu sjálfri á heimili hennar í Bandaríkjunum. Í stefnu segir, að heimili stefndu sé 84 Ambassador Drive í Red Bank í New Jersey-fylki í Bandaríkjunum. Skiptaráðandi sendi stefndu áðurnefnt skeyti 7. september 1990 á þetta heimilisfang. Þá var stefnan birt fyrir stefndu á þessum stað. Verður því að telja,

að fyrirsvarsmanni búsinns hafi verið kunnugt um heimilisfang stefndu. Stefnumbirting í Lögbirtingablaði telst því ekki málshöfðun í skilningi 103. gr., sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936, eins og hér hagar til. Verður því að líta svo á, að málið hafi verið höfðað 31. júlí 1991, en þann dag var stefna birt fyrir stefndu af stefnuvottum í New Jersey-fylki. Verður þá að leysa úr því, hvenær málshöfðunarfrestur hafi tekið að líða.

Í dómi, er Hæstiréttur kvað upp 22. apríl 1988 (Hrd. 1988, 590), er 68. gr. laga 6/1978 skýrð svo, að málshöfðunarfrestur taki ekki að líða fyrir en í fyrsta lagi við lok kröfulýsingarfrests. Upphaf málshöfðunarfrests í þessu máli verður skv. þessari skýringu eigi talið vera fyrir en 28. janúar 1991. Ljóst er af gögnum málsins, að þá voru fengnar þær upplýsingar allar, er nauðsynlegar voru, til að kröfugerð yrði mótuð og mál höfðað. Eigi þykir skipta máli í þessu sambandi, að ekki var vitað um eignir í búinu. Miða verður upphaf málshöfðunarfrests við 28. janúar 1991. Er málið var höfðað, voru liðnir rúmíur sex mánuðir frá þeim degi, og verður því að vísa málinu frá dómi.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Með úrskurði, upp kveðnum 5. september sl., vék Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti sæti í máli þessu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. september, var Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, skipaður setudómari í málinu, og kveður hann upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.
